

GOLFKLÚBBURINN KJÖLUR

AUGLÝSIR EFTIR GOLFKENNARA



Laus er til umsóknar staða golfkennara Golfklúbbsins Kjarar í Mosfellsbæ. Golfklúbburinn Kjölur er einn af stærstu golfklúbbum landsins og opnaði sumarið 2011 sem 18 holur. Aðstaða til æfinga yfir sumartímann er góð en nú í sumar opnaði nýtt „pitch“ æfingasvæði við vélaskemmu þar sem möguleiki er að slá inn á flöt allt að 70 metra. Þá opnaði einnig 6 holu æfingavöllur sem nýtist vel í kennslu. Fyrir á eldra svæði klúbbsins er fínt æfingasvæði sem og tvær vipp og púttflatir. Æfingaaðstaða yfir vetrartímann er í vélaskemmu en þar er 9 holu pútt og vippflöt og aðstaða til þess að slá í net.

Golfklúbburinn Kjölur hefur átt kylfinga í fremstu röð undanfarin ár og stefnir að því að halda því áfram. Mikill og góður hópur ungra og efnilegra kylfinga er í klúbbum og er framtíðin björt í Mosfellsbænum.

HELSTU VERKEFNI GOLFKENNARA GKJ:

- Golfkennari GKj ber ábyrgð á allri þjálfun og kennslu iðkenda í barna og unglíngastarfi klúbbsins.
- Golfkennari GKj ber ábyrgð á allri þjálfun og kennslu iðkenda í afreksstarfi klúbbsins sem og meistaraflokki.
- Golfkennari GKj vinnur náið með afreks- og unglínganefnd sem og foreldraráði.

MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR:

- Viðurkennt PGA golfkennaranám
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur en þó ekki nauðsynleg

Umsóknarfrestur er til 24. október og skal umsóknum skilað á netfangið gkj@gkj.is. Umsóknum skal fylgja ferilskrá og listi yfir meðmælendur. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Hafsteinsson framkvæmdarstjóri í tölvupósti á netfangið haukur@gkj.is